

Félagasamþykkt

1. Grein

Félagið heitir Hringrásarsetur Íslands.

2. Grein

Starfsemi félagsins er að styðja við vöxt og stækkun Hringrásar Hagkerfisins á Íslandi sem og ýta undir eftirfylgni á markmiðum Sameinuðu Þjóðana og hreyfinguna "Réttur til Viðgerða". Þessu skal ná fram með fræðslu, kynningarefni ásamt viðburðum til einstaklinga og fyrirtækja.

3. Grein

Stefna félagsins er að styðja við fyrirtæki og verkefni sem leggja áherslu á Hringrásarhagkerfið, bjóða kynningarefni og stuðning til þeirra fyrirtækja sem vilja taka skref í þá átt ásamt því að aðstoða einstaklinga í að víkka markmið þeirra og koma til móts við samþykktir Sameinuðu Þjóðana. Vinna með öðrum félögum og ríkisstofnunum í til að koma í framkvæmd Hringrásarhagkerfi í gegnum hagnýt verkefni og sameiginleg markmið.

Við munum halda áfram framkvæmd okkar eigin verkefna og bjóða öðrum í kringum landið að stofna sín eigin í miðað við okkar aðferðafræði (Reddingarkaffi og Munasafn/Tool library).

Hringrásarsetur Íslands er eingöngu félagasamtök og því mun enginn atvinnurekstur vera innan félagsins.

4. Grein

Allir hafa frjálsan rétt til þess að sækja um aðild sem félagsmaður hjá félaginu. Félagsmenn skulu greiða félagsgjöld, sem ákveðin skulu vera á ársfundi félagsins eða, samkvæmt samþykkt þessari. Gerist meðlimur brotlegur við markmið félagsins eða samþykki þess er heimilt að víkja honum sem félagsmanni. Þá er hverjum félagsmanni heimilt að segja sig úr félaginu hvenær svo sem honum hentar og tekur úrsögn félagsmanns gildi samstundis. Hafi félagsmáður greitt félagsgjöld er viðkomandi heimilt að, hvort sem hann hafi sagt sig úr félaginu eða ekki, nýta aðild sína að félaginu fram að þeim tíma að endurnýjun félagsgjalda á sér stað.

A. Liður 1: Hæfi til aðildar

Umsókn um aðild að atkvæðagreiðslu skal vera opin öllum núverandi íbúum, rekstraraðilum eða starfsmönnum starfsdeilda sem styðja við markmiðsyfirlýsingu í 2. Grein. Aðild er veitt að lokinni móttöku aðildarumsóknar og árgjalda. Öll aðild skal veitt með meirihluta atkvæða stjórnar.

B. Liður 2: Árgjöld

Fjárhæðin sem krafist er vegna árgjalda skal vera 5.000 krónur, á ári hverju, fyrir einstaklinga eða 99.000 krónur, á ári hverju, fyrir aðila í rekstri (með 2-15 starfsmenn) sem og sveitarfélög, nema að breytt sé með meirihluta atkvæða félagsmanna, með fulla aðild, á ársfundi félagsins. Skilyrði fyrir áframhaldandi aðild er háð greiðslu árgjalda á hverju ári. Félagsgjöld þessi eru óendurkræf og fást ekki endurgreidd við úrsögn úr félaginu.

C. Liður 3: Réttindi Meðlima

Hver meðlimur skal vera gjaldgengur til kosninga meðlima í stjórn félagsins á árlegum aðalfundi.

D. Liður 4: Úrsögn og uppsagnir

Hver meðlimur getur sagt upp aðild sinni hjá félaginu með því að leggja fram skriflega uppsögn til ritara, hvenær sem er. Úrsögn skal ekki léttá meðlimi af ógreiddum gjöldum, eða öðrum gjöldum sem áður hafa verið áunnin. Félagsmanni getur verið sagt upp aðild sinni með meirihluta atkvæða stjórnar. Þrátt fyrir

E. Liður 5: Aðild án atkvæða

Stjórnin skal hafa umboð til að koma á og skilgreina flokka sem ekki falla undir atkvæðagreiðslu.

5. Grein

Starfsár félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi félagsins skal stjórn fara yfir atriði liðsins árs.

6. Grein

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. Ágúst ár hver og skal hann boðaður minnst tvær vikur fram í tímann á sannanlegan hátt. Aðalfundurinn er löglegur sé hann boðaður á réttan hátt.

7. Grein

Í stjórn félagsins skulu sitja 3-8 fulltrúar, formaður, gjaldkeri og 1 - 6 meðstjórnendur, kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er hægt að kjósa allt að 8 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins á milli aðalfunda. Formaður setur fund. Undirritunin er í höndum meirihluta stjórnar. Félagsmenn ákveða niðurstöðu mála.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- Skýrsla stjórnar lögð fram
- Skýrsla endurskoðanda og allir reikningar lagðir fram til samþykktar
- Lagabreytingar
- Ákvörðun um félagsgjald
- Kosning stjórnar
- Kosning Skoðunarmanna reikninga
- Önnur mál

8. Grein

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld verður að innheimta árlega.

9. Grein

a. Liður 1: Rekstrarafgangur

Rekstrarafgangur eða hagnaður af rekstri félagsins skal verndaður með því að búa til styrki sem munu styðja verkefni í Hringarása hagkerfinu sem þurfa eignir til viðskipta og árlegan styrk sem öðrum verkefnum í Hringrásarhagkerfinu býðst. Þar sem starfsemi félagsins er ekki miðuð að félagslegum ávinningi fá félagsmenn engar tekjur af starfsemi félagsins.

b. Liður 2: Regluleg Endurskoðun

Til að tryggja að félagið starfi innan góðgerðarmála og taki ekki þátt í starfsemi sem gæti stofnað skattfrelsi þess í hættu skal endurskoðandi, sem valinn er, endurkjörinn árlega með meirihluta atkvæði félagsmanna. Árleg endurskoðun skal að minnsta kosti uppfylla eftirfarandi skilyrði um hvort bóta- og bótafyrirkomulag sé sanngjarnt og byggt á viðeigandi könnunarupplýsingum. Umsögnin verður lögð fram á ársfundinum

c. Liður 3: Endurskoðendakjör

Leggja skal ársreikninga fyrir aðalfund. Ársreikningur skal áður yfirfarinn og undirritaður af skoðunarmanni reikninga sem kjörinn var úr hópi félagsmanna á aðalfundi árið áður.

10. Grein

Ákvörðun um slit félagsins skal tekin á aðalfundinum með einföldum meirihluta atkvæða og eignum þess ráðstafað til góðgerðarsamtaka sem ákveðin verða á slitafundi.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi.

Dagsetning: 17/04/2022

Undirskrift stjórnarmanna

Anna C W de Matos

Anna C W de Matos

Renata Bade

Renata Bade

Kristinn Jón Ólafsson

Kristinn Jón Ólafsson

Magnús Ólafsson

Magnús Ólafsson

Sébastien Nouat

Sébastien Nouat